

## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 788,  
19. september 2006, um dragnótaveiðar.

### 1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Dragnótaleyfi í Faxaflóa skulu bundin við tímabilið frá og með 1. september til og með 20. desember og svæðið innan línu milli Garðskagavita og Malarrifsvita og utan línu milli Hólmbergsvita í bauju nr. 6, þaðan í punkt 64°22'N - 22°23'V og síðan um Þormóðssker í land.

Veiðar eru bannaðar í Hafursfirði norðan og austan línu sem dregin er um eftirfarandi punkta:

1. 64°39,60'N - 22°27,20'V
2. 64°40,00'N - 22°50,00'V
3. 64°48,00'N - 22°50,00'V

Heimilt er að setja nánari ákvæði í dragnótaleyfi í Faxaflóa um hvenær sólarhrings heimilt er að stunda veiðar og um takmörkun veiða, eða bann við veiðum, á laugardögum og sunnudögum.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað, sbr. 3. mgr. Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur þorsks yfir 30% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr. 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess þorskafla sem er umfram það, skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávaraflla.

Heimilt er Fiskistofu að samþykkja flutning dragnótaleyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, til nýs skips, enda sé skip það sem veiðileyfið er flutt til ekki lengra en 22 metrar að mestu lengd og hafi auk þess aflahlutdeildir í skarkola og sandkola. Þá skal það skip er dragnótaleyfi er flutt til eiga heimahöfn við leyfissvæðið, vera skráð innan svæðisins og gert þaðan út.

Hverju skipi sem hefur dragnótaleyfi í Faxaflóa er heimilt að veiða allt að 70 lestir af skarkola, sem dregst frá aflamarki þess.

Á þeim tíma sem veiðar eru stundaðar samkvæmt dragnótaleyfi í Faxaflóa falla úr gildi önnur sérveiðileyfi skipsins. Kjósi útgerð báts, sem hefur slíkt leyfi, að stunda veiðar utan leyfissvæðis, er það þó heimilt með þeim skilyrðum að útgerðin afsali leyfi bátsins það sem eftir er af vertíðinni og tilkynni Fiskistofu skriflega um þá ákvörðun.

### 2. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar skip stundar dragnótaveiðar eru því bannaðar veiðar með öðrum veiðarfærum. Jafnframt er þá bannað að hafa um borð í skipinu önnur veiðarfæri en dragnót.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 2012.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*